
STÆKKUN SVARFHÓLSVALLAR, FLÓAHREPPI Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 5. mars 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Golfklúbbi Selfoss um fyrirhugaða stækkun Svarfhólsvallar austan Selfoss, Flóahreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 12.10 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Flóahrepps, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Svarfhólsvöllur í landi Laugardæla. Níu holu stækkun golfvallar norðan Búrfellslínu, Flóahreppur. Kynning framkvæmdar. Golfklúbbur Selfoss, mars 2021.

Önnur gögn:

- Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi við Svarfhólsvöll á Selfossi. Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Náttúrustofa Vestfjarða, nóvember 2016.
- Fuglalíf við Skiphól, austan Svarfhólsvöll (golfvöll) í landi Laugardæla í Flóahreppi. Böðvar Þórisson fuglafræðingur. Selfossi, 24. febrúar 2021.
- Umsögn um áhrif stækkunar Svarfhólsvallar í landi Laugardæla á vatnalíf og veiðinytjar. Hafrannsóknastofnun (til Golfklúbbs Selfoss) dags. 20. apríl 2021

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Flóahreppi dags. 14. apríl 2021.
- Fiskistofu dags. 8. apríl 2021.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 26. mars 2021.
- Landsneti dags. 6. og 20. apríl 2021.
- Minjastofnun Íslands dags. 6. apríl 2021.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 6. apríl 2021.
- Vegagerðinni dags. 30. mars 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 6. og 23. apríl 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd felist í stækkun Svarfhólsvallar úr 9 holum í 18. Svæðið hefur verið skipulagt markvisst til að stækkun golfvallar og aðlögun hans að nýrri veglínu skapi sem mest samlegðaráhrif í þágu umhverfis og samfélags. Markmiðið er að úr verði fjölnota útivistarsvæði, með stígum til göngu, hlaupa og hjólreiða, sem tengist skráðum fornminjum, stígakerfi Selfoss og móttöku sem Golfklúbbur Selfoss starfrækir að



Svarfhóli. Auk uppbyggðra útivistarstíga er gert ráð fyrir almennu aðgengi meðfram árbökkum eftir stíkuðum leiðum. Fyrirhugað er að halda landi sem mest óhreyfðu utan fyrirhugaðra golfbrauta. Með því móti verði jarðrask í lágmarki og einnig lágmrkuð þau svæði sem þarf að slá reglulega.



Mynd 1. Skipulagsuppráttur af Svarfhólsvelli eftir stækkun (úr greinargerð Golfklúbbs Selfoss).

Staðhættir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið sem um er að ræða norðan Búrfellslínu og meðfram Ölfusá sé um 33 ha að stærð og er að hluta til ræktuð tún en að hluta þýfð hagalönd, mólendi og graslendi. Á svæðinu standa stakir hraundrangar upp úr landinu sem setja nokkurn svip á umhverfið. Þar eru einnig greinilegar mógrafir. Þær tilheyra 2,5 ha votlendi. Að öðru leyti er um þurrlandi að ræða. Núverandi golfvallarsvæði einkennist af slegnum grasflötum. Inn á milli eru þýfðir hagar, votlendi og nokkur trjárækt er á stöku svæðum.

Trjá- og skjólbeltarækt

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að fyrirhuguð sé trjárækt með það að markmiði að auka fjölbreytileika svæðisins, skapa skjól, búa til minni landslagsrými, skerpa á sjónlínum og draga



úr neikvæðum sjónrænum áhrifum Búrfellslínu 2. Á norðaustur hluta núverandi golfvallar hafa verið gróðursett nokkur trjábelti. Mest hefur verið gróðursett af ösp en einnig birki, reyni og greni. Einnig er að finna skjólbelti af greni og víði sem hluta af skjólbeltum við tún Laugardæla. Gert er ráð fyrir markvissri trjárækt meðfram nýjum þjóðvegi og víða meðfram eystri mörkum svæðisins. Þá verði gróðursett í norðaustur-horn og á miðjum nýjum hluta golfvallarins norðan Búrfellslínu ásamt minni þyrpingum víða um allt svæðið.

Efnisþörf

Í greinargerð kemur fram að stefnt er því að jarðefni í nýjar brautir norðan Búrfellslínu 2 verði sem mest af svæðinu sjálfu. Núverandi jarðvegur verður sléttaður á brautarsvæðum. Teigar og flatir verða byggðar upp með sandmold sem tekin verður úr því landi sem hönnun gerir ráð fyrir að þurfi að lækka, m.a. til að bæta rennsli ofanvatns. Efni í útivistarstíga, um 5.000 m³, verði sótt í opnar, nálægar námur. Hugsanlega verði aðfluttur sandur eða sandmold notuð sem vaxtarlag á teigum, flötum og öðrum þýðingarmestu svæðum vallarins, sem tekin yrði úr opnum námum eða ef slíkt efni fellur til úr nálægum framkvæmdum.

4 UMHVERFISÁHRIF

Gróður, votlendi og vistgerðir

Fram kemur að áhersla er lögð á að vernda votlendi á svæðinu. Afmörkun golfbrauta í deiliskipulagi geri ráð fyrir nýtingu á um 0,4 hekturum þeirra 2,5 ha sem séu skilgreindir sem votlendi/starungsmýravist. Reynt verði að komast hjá þessari nýtingu þegar verkinu vindur fram, en takist það ekki skal bent á að öll nýting votlendis verði unnin með hækkun lands ofan á votlendi, án þess að lækka þurfi vatnstöðu þess. Með þessu megi komast hjá losun gróðurhúsalofttegunda.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að golfbrautir muni fara yfir tún en einnig að hluta yfir gróskumiklar gras- og mólendisvistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi s.s. língresis- og vingulsvist og víðikjarrvist. En stefnt sé að því að leggja brautir yfir svæði sem hafi verið beitt og þannig lágmarka rask á gróskumestu svæðum. Einnig sé ætlunin að hlífa að mestu því votlendi sem þarna er og ekki sé gert ráð fyrir að ræsa fram mýrar fyrir golfbrautir ef þær fari inn á votlendissvæði. Þarna sé um að ræða tvær votlendisvistgerðir, runnamýravist á láglandi og starungsmýravist sem báðar hafi mjög hátt verndargildi. Engar friðlýstar plöntutegundir eða tegundir á valista Náttúrufræðistofnunar hafi fundist á svæðinu. Náttúrufræðistofnun Íslands bendi á mikilvægi þess að hlífa votlendinu eins og kostur er. Undir jarðvegi og gróðri liggi Þjórsárhraun sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Yfirborð hraunsins er lítt greinilegt á svæðinu og rask vegna framkvæmda verði óverulegt.

Landnotkun

Fram kemur að framkvæmdirnar muni leiða til þess að svæði meðfram Ölfusá breytist úr því að vera aflokað svæði sem fyrst og fremst hefur verið nýtt til hrossabeitar í að verða opið almenningi til útivistar.

Í umsögn Landsnets kemur fram að áhrifasvæði loftlína vegna landnotkunar miðist við helgunarsvæði línunnar. Tryggja þurfi að helgunarsvæði háspennulínu sé virkt. Innan helgunarsvæðis loftlína gildi byggingarbann þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt sé takmörkunum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Nauðsynlegt sé að tryggja greiðan aðgang að línum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það geti átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna. Landsnet telur að gera þurfi breytingu á deiliskipulagi svæðisins þar sem salerni sem ætlað er að rísa undir háspennulínunni. Það þurfi að finna því stað utan helgunarsvæðis. Einnig þurfi að gera grein fyrir helgunarsvæðum og þeim kvöðum sem gildi um þau. Setja þurfi ákvæði um umgengni og framkvæmdir á og við svæðið. Landsnet telur æskilegt



að endurskoðun trjáræktar taki mið af helgunarsvæði loftlínanna og verði unnin í samráði við Landsnet. Einnig þarf að gera ráð fyrir lagningu jarðstrengs Selfosslínu 1 í framtíðinni. Ekki liggi fyrir ákvörðun um legu strengsins, en æskilegt sé að áformin taki mið af kerfisáætlun í samráði við Landsnet. Áhrifasvæði jarðstrengja vegna landnotkunar miðist við öryggissvæði en ekki sé um formleg helgunarsvæði að ræða. Nauðsynlegt sé einnig að tryggja greiðan aðgang að strengnum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að sjálfsagt sé að þróa trjáræktaráætlun til samræmis við óskir og reglur Landsnets. Framkvæmdaraðili leggur til við Landsnet að trjárækt innan 85 m helgunarsvæðis fari aðeins fram að undangenginni beiðni Golfklúbbsins til Landsnets um nánari skilgreiningu helgunarsvæðis. Um golfvallarsvæðið, þ.m.t. helgunarsvæði beggja fyrrgreindra loftlína, liggi þegar þjónustuvegir og útivistarstígar, sem m.a. nýtist veiðiréttarhöfum. Reiknað sé með að þessir vegir nýtist vel til þjónustu við loftlínur og turna. Í ljósi upplýsinga frá Landsneti sé fallið frá áformum um salernisaðstöðu innan helgunarsvæðis. Þess er óskað við Landsnet að slík yfirlýsing nægi, að svo komnu máli, svo gefa megri út framkvæmdaleyfi með skilyrði þar um. Framkvæmdaraðili lýsir sig reiðubúinn að laga áform sín, innan skynsemismarka, að þeirri legu strengs sem líklegust er talin hverju sinni og gera slíkt í virku samráði við Landsnet.

Í frekari umsögn Landsnets kemur fram að þegar kemur að framkvæmdum þurfi að hafa samband við Landsnet. En fyrirtækið muni framkvæma vettvangsskoðun og leggja mat á verkefnið út frá eðli og áhættuþáttum og vinna framkvæmdaraðili áhættugreiningu. Landsnet gefi í kjölfarið út verkleyfi til framkvæmda innan helgunarsvæðis sem byggi á áhættugreiningunni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Golfklúbburinn muni óska eftir vettvangsfundi með fyrirtækinu áður en framkvæmdir hefjast.

Dýralíf

Fram kemur að áhrif af lagningu brauta um tún og mólendi muni ekki hafa mikil áhrif á fuglalíf á svæðinu en samanlögð áhrif með skógrækt gæti verið nokkur á fugla sem kjósa opið land t.d. Spóa, Heiðlóu og Jaðrakan. Votlendi verði ekki raskað nema að örlitlu leyti og þá ekki með lækkun vatnsstöðu og losun gróðurhúsalofttegunda sem því henni hefði fylgt. Ráðgert er að verja bakka árinna í ós Rauðalækjar en leitast verði við að skerða ekki þann hluta sem fuglar nýta á vorin og yfir varptímamann. Ekki er talið að framkvæmdirnar hafi áhrif á fiska í Ölfusá enda ekki farið það nærri árbakkanum en ef farið verður í staðbundnar rofvarnir á árbakkanum verði leitað eftir umsögn Hafrannsóknarstofnunar áður og sótt um leyfi til Fiskistofu.

Menningarminjar

Fram kemur að gerð hafi verið fornleifaskráning á skipulagssvæðinu. Minjar séu af ýmsum toga, sjáanlegar minjar eins og rústir, hleðslur og mógrafir, en einnig staðir sem heimildir eru um að hafi gegnt ákveðnu hlutverki. Í niðurstöðu skýrslunnar segir m.a. að mikilvægt sé að bæjarhóll Moshóls verði áfram óraskaður og að leyfi Minjastofnunar þurfi til að raska mógröfum. Ekki standi til að hrófla við skráðum minjum á svæðinu. Stefnt er að því að stígakerfi verði hannað þannig að stígar liggi að helstu fornleifum og minjum og jafnvel sett þar upp upplýsingaskilti um þær svo almenningur hafi kost á að njóta þeirra í útivist. Á framkvæmdatíma verði þess gætt að merkja og girða af fornleifar áður en byrjað verður á mótun brautarsvæða.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029.



Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi svæðisins. Við deiliskipulagsbreytinguna er brýnt að taka mið af ábendingum sem komu fram í umsögnum Landsnets.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Flóahrepps samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Leyfi Fiskistofu þarf vegna framkvæmda í eða við veiðivatn. Þá þarf að afla umsagnar Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar ef fyrirhugað er að brautir muni liggja undir háspennulínunum. Einnig þarf að afla starfsleyfis hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða stækkun á Svarfhólsvelli í Flóahreppi úr 9 í 18 holur á vegum Golfklúbbs Selfoss. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12.10 og 13.02 í 1. viðauka í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum og nýtingar náttúruauðlinda, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Stækkun Svarfhólsvallar felur ekki í sér umfangsmikla mannvirkjagerð eða umbreytingu á landi. Stærstur hluti þess svæði sem tekið verður undir golfvöll er nýtt sem tún annars vegar og beitiland fyrir hross hins vegar. Auk golfvallar verður svæðið samnýtt fyrir fjölbreyttari útivist. Efnispörf verður að mestu mætt með tilfærslu innan svæðis en efni í stíga verður sótt í opnar námur. Hönnun golfvallarins miðar að því að varðveita minjar og náttúruleg sérkenni svæðisins. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdasvæðið er eins og áður segir ekki mikið að umfangi en heildarflatarmál stækkunar er um 33 ha á landi sem hefur verið nýtt til landbúnaðar. Gert er ráð fyrir að skerða þurfi 2,5 ha votlendissvæði um 0,4 ha. Ekki þó með því að lækka vatnsborð heldur að hækka jarðvegsborð. En reynt verður að halda slíkri skerðingu í lágmarki. Undir allþykkum jarðvegi er nútímahraun sem nýtur verndar skv. lögum um náttúruvernd. Hraunið er víðast hulið en þó má á stöku stað sjá dranga eða nibbur sem standa upp úr jarðvegi. Framkvæmdirnar hafa hverfandi áhrif á hraunið. Þá er ráðgert að merkja menningarminjar til að hlífa þeim við raski og stefnt að því að hafa greitt aðgengi að þeim eftir að framkvæmdum er lokið. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: umfangs, eðlis og fjölbreytileika áhrifa, afturkræfni áhrifa og samlegðaráhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.



Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við stækkun golfvallar felast fyrst og fremst í breytingu á landnotkun þar sem landbúnaðarland er tekið undir útivist og íþróttir. Framkvæmdirnar felast hvorki í varanlegri né óafturkræfri mannvirkjagerð. Áhrifin eru afar staðbundin og unnt er að snúa landinu í fyrra horf með fyrri notum án fyrirhafnar. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. júní 2021.

Reykjavík, 30. apríl 2021

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson